

Heilbrigðismál | Málþing um geðfatlaða í safnaðarheimili Laugarneskirkju á sunnudag

Hagur og framtíð geðfatlaðra

Í safnaðarheimili Laugarneskirkju verður á sunnudag haldið málþing um hag geðfatlaðra. Að málþinginu standa Laugarneskirkja, Geðhjálp, Vin; athvarf Rauða kross Íslands fyrir geðfatlaða, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis og Heilsugæslan í Lágmúla.

Meðal þeirra sem til máls taka er Sigursteinn Mátsson, formaður Geðhjálpar: „Í erindi mínu mun ég ræða um framtíðarsýn mína á málefni geðfatlaðra. Þar lít ég fyrst og fremst til þeirrar stefnu sem orðin er áberandi í starfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og hjá mörgum vestrænum ríkjum, að afstofnanavæða þá þjónustu sem veitt er,“ segir Sigursteinn.

„Í afstofnanavæðingu felst ekki einkavæðing þjónustunnar, heldur grundvallarbreyting á gerð hennar og uppstokkun frá því sem nú er. Hún felur í sér að auka jafnrétti og auðvelda aðgengi að þjónustu og að innleiða nýja hugsun um mannréttindi, sjálfsákvörðunarrétt fólks og mannlega reisn.

Ég sé fyrir mér að í framtíðinni muni verða til ný stétt fagfólks; persónulegir liðveitendur. Það er fólk sem vinnur fyrir hina fíttuðu og veiku á daglegum vettvangi, virkjar þá til samfélagslegrar



► **Sigursteinn Mátsson fæddist í Reykjavík 1967. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð 1988. Hann stundaði nám í blaðamennsku við FJEE-stofnunina í París 1994 og leggur nú stund á nám í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands.**

Sigursteinn starfaði við fréttamennsku og sjónvarpsþáttagerð hjá Íslenska útvarpsfélaginu til ársins 2000 og við almannatengsl til 2002. Hann var kjörinn formaður Geðhjálpar árið 2000 og formaður ÖBÍ árið 2005. Sambýlismaður Sigursteins er Caio Namur Milreu liðveitandi.

þátttöku: atvinnuþátttöku og félagslegrar virkni. Liðveitendur muni aðstoða við allt frá innkaupum og þrifum til skrifinnsku hjá trygginga- og bótastofnunum. Með þessu verður sú þjónusta samþætt sem nú er í boði í mörgum aðskildum kerfum. Þjón-

ustuna þarf að einfalda og setja í það horf að hún sé veitt á forsendum hins fatlaða, jafnvel allan sólarhringinn ef þörf krefur. Þetta snertir ekki aðeins geðsjúka heldur alla fatlaða og þegar upp er staðið felst ekki í þessu viðbótarkostnaður fyrir þjóðfélagið, heldur er þetta þjóðhagslega hagkvæmt. Það myndi skapa mikinn auð, í ýmsum skilningi, fyrir samfélagið að virkja hér á landi þúsundir einstaklinga sem í dag eru óvirkir í samfélaginu vegna þess að þeir njóta ekki eðlilegar þjónustu miðað við fötlun sína.“

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri setur málþingið. Þá tekur til máls Guðbjörg Sveinsdóttir, forstöðukona hjá Vin, og fjallar um ramnsókn sem unnin var á vegum Rauða krossins og Geðhjálpar á þjónustubörf geðsjúkra. Svanur Kristjánsson prófessor heldur erindi sem aðstandandi geðfatlaðs einstaklings og fulltrúi geðfatlaðra ávarpar fundinn. Þá mun Kristján Kristjánsson, KK, taka lagið fyrir þinggesti.

Í lok málþings verða pallborðsumræður og tekið við fyrirspurnum úr sal.

Málþingið er sem fyrr segir á sunnudag og hefst kl. 12.30 og eru fundarlok áætluð kl. 14.30. Þingið er öllum opið og ókeypis.